

Mál nr. 28/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 16. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið á Fjallkonuvegi þann 1. febrúar 2021. Er lögregla kom á staðinn var bifreiðinni X lagt aðeins uppi á kanti á umferðareyju við vinstri akrein vegarins, hjá gatnamótum Fjallkonuvegar og Gullinbrúar. Umferðarskilti rétt fyrir aftan bifreiðina var beyglað og lítilsháttar ákoma var vinstra megin á framhlið bifreiðarinnar, auk þess sem hliðarspegill vinstra megin hafði losnað úr festingunni. Hjá lögreglu lýsir M atvikinu með þeim hætti að hún hafi verið með túrverki allan daginn og fengið mikinn svima þegar hún beið á rauðu ljósi. Hún hafi ekki séð almennilega í smá stund vegna svima eftir að græna ljósið kom og því ekið beint á skiltið. Þann 23. apríl 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V. Með tölvupósti dags. 7. maí 2021 tilkynnti V að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Samþykkti V að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hefur til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið en að öðru leyti hugðist félagið hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 4. maí 2021.

M telur að höfnun V á bótaskyldu byggir á ólögumætu sönnunargagni sem hafi verið unnið án nokkurrar vitneskju M og það sé brot á persónuverndarlögum sbr. úrskurð persónuverndar í máli nr. 2020041418 frá 25. janúar 2021. Í viðbótarathugasemddum M til nefndarinnar kemur til viðbótar fram að fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn sanni að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysinu. M hafi ítrekað leitað til læknis vegna einkenna sinna eins og heilsufarsgögn sýni. Ítrekar M mótmæli sín á niðurstöðu PC-Crash útreikninga dags. 4. maí 2021.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð en M ber sönnunarbyrðina. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sést á myndum af bifreið M sem teknar voru eftir áreksturinn og PC-Crash skýrslu dags. 4. maí 2021.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 1. febrúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slysið á bráðamóttöku Landspítala. Ekki voru merki um alvarlega áverka eftir áreksturinn og greindi M ekki frá sérstökum einkennum eftir áreksturinn. Viku síðar leitaði M til heimilislæknis og kvartaði undan verkjum eftir umferðarslysið og fékk M ávísað verkjalyfjum. Við komu til heimilislæknis þann 23. febrúar 2021 er skráð að M hafi haft verki í baki frá umferðarslysinu og fékk M aftur ávísað verkjalyfjum. Eftir þetta á M nokkur samskipti við heilsugæsluna vegna bakverkja og fær ávísað verkjalyfjum og þann 31. mars 2021 var skrifuð beiðni um sjúkraþjálfun. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar dags. 23. desember 2021 kemur fram að M sé enn verkjuð og sé í sjúkraþjálfun. Verkir komi aðallega eftir vinnudaginn og einnig er hún lyftir þungum hlutum. Gerð var beiðni um

myndgreiningu. Liggur sú niðurstaða ekki fyrir í gögnum málsins. Kvartanir M eftir slysið hafa verið samfelldar þó í upphafi hafi ekki verið skráð í sjúkraskrá hvaða einkenni M hafði eftir slysið. Mögulega má rekja það til tungumálaörðugleika. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá má ekki sjá að M hafi haft einkenni frá baki fyrir umferðarslysið sem hér um ræðir. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir myndgreiningar eða önnur slík gögn, né mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 1. febrúar 2021. Sjáanlegar ákomur voru á bifreið M og hafa einkenni hennar frá baki verið viðvarandi frá slysdegi þrátt fyrir að M hafi bæði sótt sjúkraþjálfun og fengið ávísuð verkjalyf. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-Crash skýrslu sem V byggir mál sitt á og aflaði einhliða verður, eins og áður segir, ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo hafi verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr slysatriðgingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatriðgingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir